

Reykjavíkurborg  
Borgarráð  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. janúar 2021

**Efni:** Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um  
umsækjendur vegna starfs framkvæmdastjóra Betri samgangna ohf.  
**Tilvísun yðar:** R20080082

Vísað er til tölvupósts yðar frá 18. janúar 2021 þar sem óskað var eftir að umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði um umsækjendur vegna starfs framkvæmdastjóra Betri samgangna ohf.

Hinn 24. október 2020 var starf framkvæmdastjóra Betri samgangna ohf. auglýst. Auglýsing var birt í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Viðskiptablaðinu og á heimasíðu Vinnvinn, ráðninga og ráðgjafar. Auglýsing birtist jafnframt á samfélagsmiðlunum Facebook og LinkedIn. Alls bárust 18 umsóknir um starfið.

Stjórn Betri samgangna ohf. fékk fyrirtækið Vinnvinn sér til ráðgjafar í ráðningarferlinu. Unnið var samkvæmt vel og fyrirfram skilgreindu ferli. Við mat á umsækjendum var stuðst við aðferðir sem ætlað er að veita forspá um frammistöðu í starfi. Ráðningarferlið fólst í mati á umsóknum, viðtölum, persónuleikamati og verkefnum sem lögð voru fyrir valinn hóp umsækjenda. Það var niðurstaða þess heildstæða mats sem fram fór á umsækjendum að Davíð Þorláksson, sem síðar var ráðinn til starfsins, væri hæfastur umsækjenda.

Varðandi birtingu lista með nöfnum umsækjenda um starf framkvæmdastjóra er það afstaða stjórnar félagsins að slíkur listi verður ekki birtur. Er það í samræmi við afstöðu stjórnar frá upphafi ráðningarferlisins. Synjunin byggir á því að samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 er gerður greinarmunur á þeim upplýsingum sem skylt er að veita aðgang að eftir því hvort um sé að ræða opinberra starfsmenn eða starfsmenn lögaðila. Ekki er skylt að veita aðgang að upplýsingum um nöfn umsækjenda um starf hjá lögaðilum sem falla undir upplýsingalögin, öfugt við það sem gildir um umsækjendur í starf hjá hinu opinbera. Nánar um þetta vísast til úrskurða úrskurðarnefndar um upplýsingamál um túlkun á 7. gr. upplýsingalaga, einkum í málum nr. ÚNU 19090010 (vegna Herjólfss ohf.) og ÚNU 19110017 (vegna RÚV ohf.).

F.h. stjórnar Betri samgangna ohf.



Árni M. Mathiesen  
formaður